

Hafnarfirði, 2. nóvember 2023

Umsögn vegna breytingu á deiliskipulagi Straumsvíkur.

Breytingin felst í að stækka hafnarsvæði í Straumsvíkurhöfn með landfyllingu og nýjum aðkomuvegi að svæðinu. Athugasemdarfrestur var til 30. október 2023.

Ábendingar frá stofnunum bárust.

1. Umhverfisstofnun 26. október 2023.

Lega veitukerfa er ekki sýnd á uppdrætti, en lagning t.d sæstrengja og neðansjávarleiðsla er háð samþykki UST. Einnig er bent á mikilvægi þessað það komi fram í tillöguinn hver sé áætluð efnisþörf, hvaða efni á að nota og hvaðan kemur það.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. OSPAR samningum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins er vap efna og hluta í hafið óheimil. Nefnir stofnunarinnar einng á að framkvæmdir og skipulagsáætlanir eiga að vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd á vatnaáætlun og um stjórn vatnamála. Bent er að skoða þurfi umhverfispættina í umhverfismati betur.

Forðast skal röskun eldhrauna nema brýna nauðsyn beri til.

2. Samgöngustofa dags. 20. október 2023

Gerir ekki athugasemd á þessu stigi, en bendir þó á varðandi hafnarmál, að verði gerðar breytingar á athafnasvæði hafnarinnar, eða hún stækkuð, gæti einnig þurft að breyta hafnarreglugerð hafnarinnar. Að auki þarf að huga að öryggismálum nýrra hluta hafnarinnar sem og verndarmálum.


3. Hafrannsóknarstofnun dags. 11. október 2023

Stofnunin minnir á að taka skuli til greina lög um stjórn vatnamála við mat á umhverfisáhrifum. Að öðru leiti, engar athugasemdir.

4. Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins dags. 9. október 2023

Bent er á að hugað verði að öryggi, aðbúnaði og aðgengi gangandi og hjólandi meðfram Reykjanesbraut en fyrir liggur að stofnstígur fyrir samgönguhjólreiðar gæti legið meðfram veginum sbr. aðalskipulag Hafnarfjarðar. Lagt er til að skert verði á tillögunni vegna þessa

og að fram komi ákvæði þess efnis að hugað sé að athafnarými samgöngustígar og að ný gatnaþverun valdi ekki óþarfa röskun eða breytingu á hæðarkótum vegna þverunar undir brautina.



5. Byggðasafn Hafnarfjarðar dags 5. október 2023

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Heiðrún Eva Konráðsdóttir

UMSÖGN BIRT 5.10.2023

Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur skoðað tillöguna og gerir ekki athugasemdir að svo stöddu. Byggðasafnið minnir jafnramt á, eins og segir á vef Minjastofnunar Íslands: "Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands." Auk þess þarf að tilkynna fundinn til Byggðasafns Hafnarfjarðar strax í upphafi.

5. Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 30. október 2023

Þrátt fyrir að framkvæmdin skarist ekki á svæði á náttúruminjaskrá er nálægðin það mikil að hætta er á að framkvæmdir við höfnina muni hafa áhrif á náttúrufar svæðisins. Náttúruminjasvæðið við Straumsvík er metið hátt.

6. Gasfélagið dags. 31. október 2023

Kaflí 2.6 um girðingar. Vegna tanks á lóð Gasfélagsins sem er ofanjarðar, þarf að hafa í huga á áhrifasvæði alvarlegs atviks á svæði Gasfélagsins er all stórt. Þrátt fyrir að búnaður uppfylli allar kröfur samkvæmt stórslysareglugerð er nauðsynlegt að hafa í huga að manir eru nauðsynlegar sem vörn fyrir nálægar lóðir.

Kafli 2. 8 um öryggismál. Þar er tekið fram að allir tankar á lóð félagsins séu niðurgrafnir, það er ekki rétt þar sem árið 2022 bættist við 120m³ tankur ofanjarðar. Það þarf að athuga hvort að það hafi áhrif á mat um afmörkun og stærð öryggissvæða.

Bent er á að rekstur "heitarar" vinnu, suðuvinnu, slípivinnu og aðra vinnu sem gefur frá sér neista er ekki æskilegur á lóðum sem liggja bent að svæði Gasfélagsins eins og lóð 4 og 2.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs

Þar sem komið hefur í ljós að umrædd breyting á aðalskipulagi og þar með deiliskipulagi Straumsvíkur, er matskyld vegna efnistöku og landfyllingar og er bætt inn í greinagerð:

Þegar niðurstaða og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um mat á umhverfisáhrifum fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar og efnistöku í Rauðamelsnámu, og Coda Terminal, mun Hafnarfjarðarbær taka afstöðu til niðurstöðunnar. Sú afstaða kann að leiða til breytinga á skipulagsáætlunum og hljóta þær þá málsmeðferð skv. skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Varðandi umsögn svæðisskipulagsnefndarinnar þá verða sett inn eftirfarandi ákvæði:

Við gerð aðkomuvegar að hafnarsvæði verði hugað að athafnafnarými samgöngustíga fyrir gangandi- og hjólandi og að ný gatnaþverun valdi ekki óþarfa röskun eða miklum breytingum á hæðarkótum stíga vegna þverunar undir Reykjanesbraut.

Varðandi umsögn Gasfélagsins:

1. Kafli 2.6. Skipulagsráðgjafar munu fara yfir nýjar upplýsingar Gasfélagsins og meta hvort það kalli á breytingar á afmörkun girðinga eða mana. Rýnin verður unnin í samvinnu við fulltrúa CarbFix og Gasfélagsins.
2. Kafli 2.8. Skipulagsráðgjafar munu fara yfir nýjar upplýsingar um staðsetningu tanka á lóð Gasfélagsins til þess að kanna hvort það kalli á breytingar á afmörkun öryggissvæða. Rýnin verður unnin í samvinnu við fulltrúa CarbFix og Gasfélagsins
3. Bætt verður við skilmálum um starfsemi á svæðum sem liggja að lóð Gasfélagsins.
4. Við gerð aðkomuvegar að hafnarsvæði verði hugað að athafnafnarými samgöngustíga fyrir gangandi- og hjólandi og að ný gatnaþverun valdi ekki óþarfa röskun eða
5. miklum breytingum á hæðarkótum stíga vegna þverunar undir Reykjanesbraut.

Varðandi umsögn Umhverfisstofnunar:

Unnið er að umhverfismati, sem mun fjalla um áhrif á vatnshlot og jarðmyndanir, tegund efnis í landfyllingar og uppruna þess. Þar munu auk þess koma fram mótvægisáðgerðir sem þarf að huga að, og verður hluti af skilmálum þegar framkvæmdaleyfi eru veitt.

Þar mun m.a. koma fram ítarleg umfjöllun um áhrif á vatnshlot og jarðmyndanir, lífríki Straumsvíkur, tegund efnis í landfyllingar og uppruna þess. Þar munu auk þess koma fram tillögur um mótvægisáðgerðir sem þarf að huga að, og verða hluti af leyfisveitingum. Hafnarfjarðarbær telur mikilvægt að ljúka við gerð skipulagsbreytinga sem hafa verið í kynningu að undanfögnu. Engu að síður kann umhverfismat að leiða til breytinga á skipulagi þegar niðurstaða og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um mat á umhverfisáhrifum fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar og efnistöku í Rauðamelsnámu, og Coda Terminal. Þegar álitid liggur fyrir mun Hafnarfjarðarbær taka afstöðu til niðurstöðunnar og kann sú afstaða að leiða til breytinga á skipulagsáætlunum og hljóta þær þá málsmeðferð skv. skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Við bætum við kafla um brýna nauðsyn.

Að öðru leiti skal hugað að því við útgáfu framkvæmdaleyfa að gerð verið krafa um frágangsáætlun við náttúruverndasvæði og gerð krafa að framkvæmdaaðili skili inn gögnum sem sýna þann frágang. Vakin er athygli á því að náttúruverndarsvæði í Straumsvík eru merkileg á heimsvísu.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2